



Reykjavík 22. mars 2022

### **Varðar: Umsögn um mál 415.**

#### **Tillaga til þingsályktunar um aðgerðaáætlun í málefnum hinsegin fólks 2022–2025.**

Það er afar ánægjulegt að sjá þessa fyrstu tillögu um aðgerðaráætlun í málefnum hinsegin fólks hér á landi. Hér er á ferð framsækin aðgerðaráætlun í íslensku samhengi sem ber að fagna. Við gerum hins vegar athugasemdir við nokkur atriði sem við teljum brýnt að vekja athygli á og óskum eftir að tekið verði tillit til við lokagerð áætlunarinnar.

### **Sambætting/ samtvinnun**

Við bendum á mikilvægi þess að í áætluninni sé *sambætting og samtvinnun* lögð til grundvallar. Þessi hugtök vísa til þess að hver einstök manneskja sambættri/samtvinnar ólíka þætti í sínu lífi, svo sem kyn, kynhneigð, kyntjáningu, aldur, þjóðerni, uppruna, stéttarsföðu, atgervi og fleira. Sumir af þessum þáttum samtinnast á þann hátt að það leiðir til forréttinda meðan aðrir leiða til mismununar. Þeir einstaklingar sem búa við sambætta mismunun eru viðkvæmustu hópar samfélásins. Til að þessir einstaklingar njóti verndar og réttinda sem felast í aðgerðaráætluninni þá er afar mikilvægt að taka tillit til þess að áætlunin nær til fólks sem býr við sambætta mismunun, svo sem fatlaðs hinsegin fólks, fatlaðs trans fólks, fatlaðs hinsegin flóttafólks og hinsegin fatlaðra hælisleitenda, til að nefna nokkur dæmi. Ef ekki er tekið tillit til sambættrar mismununar nær þessi áætlun ekki tilgangi sínum.

Því miður skortir mjög á skilning og þekkingu á aðstæðum þeirra sem búa við sambætta mismunun. Yfirleitt er einblínt á einn þátt og ekki skilningur á eða þekking til að sinna sambættri mismunun. Brýnt er að efla þekkingu meðal þeirra stofnana og einstaklinga sem vinna með hinsegin einstaklingum og hópum sem búa við sambætta mismunun. Gera þarf átak við að efla skilning á sambættri mismunun, ekki síst innan heilbrigðiskerfisins, menntakerfisins, innan lögreglunnar, í íþrótt og æskulýðsstarfi, hjá Rauða krossinum, Útlendigastofnun og meðal annara aðila sem þessi aðgerðaráætlun nær til.

### **Ofbeldi**

Við teljum brýnt að vekja athygli á því að jaðarsettir hópar svo sem hinsegin fólk og fatlað fólk, er í mun meiri áhættu á að vera beitt ofbeldi en aðrir hópar. Taka þarf mun meira tillit til þess í framkvæmdaáætluninni en nú er gert. Ný rannsókn sem unnin var innan fötlunarfræða vi Háskóla Íslands og birt 2021 sýnir að einstaklingar sem búa við sambætta mismunun verða fyrir mun meira ofbeldi en aðrir. Rannsóknin byggir á gögnum Landlæknisembættisins, *Heilsa og líðan Íslendinga 2017* og var unnin af Hrafnhildi S. Gunnarsdóttur sem hluti af M.Phil ritgerð hennar. Þessi rannsókn er ein sú fyrsta hér á landi sem miðaði að því að rýna í tengsl jaðarsettrar stöðu þátttakenda og líkur á ofbeldi. Niðurstöður sýndu:

...að líkur á ofbeldi tengjast félagslega jaðarsettri stöðu, að hinsegin konur séu einnig í sérlega viðkvæmri stöðu og að efnahagsleg staða sé ennfremur sterkur áhrifaþáttur. Þá var reynsla af ofbeldi algengari meðal kvenna sem sættu margþættri mismunun. Niðurstöðurnar undirstrika mikilvægi innleiðinga áherslna sambættinga mismunabreyta við skipulag aðgerða til að

sporna við ofbeldi og tryggja brotapolum stuðning. Mikilvægt er að litið sé í auknu mæli til þarfa fatlaðra kvenna og fólks sem sætir margþættri mismunun við stefnumörkun í málaflokkinum og að umræða um ofbeldi gegn fötluðum konum sé sett í breiðara félagslegt samhengi.<sup>1</sup>


Það er því afar brýnt að tekið sé tillit til samþættrar jaðarsettrar stöðu og mismununar í þessari framkvæmdaáætlun sem og öðrum aðgerðum sem snúa að jaðarsettum hópm.

## Fjármögnun

Ljóst er að framkvæmdaáætlun þessi er vanfjármögnuð. Lang flestar aðgerðir eiga að rúmast innan núverandi fjárheimilda. Það blasir við að ekki er unnt að raungera áætlunina nema meira fé komi til. Það er því brýnt að fjármagna vetur margar af þeim aðgerðum sem áætlunin nær til. Ef það verður ekki gert, mun áætlunin aðeins vera orð á blaði. Margt er augljóslega hægt að gera án sérstakra fjárveitinga, en margar aðgerðir áætlunarinnar þarfnast sérfræðiþekkingar sem ekki er fyrir hendi innan þeirra stofnana sem ætlað er að framkvæma aðgerðir. Það þarf fjármagn til að styðja við og efla þekkingu sem þarf til að gera áætlunina að veruleika og hrinda góðum áætlunum í framkvæmd.

Virðingarfyllt

Fyrir hönd Rannsóknaseturs í fötlunarfræðum



---

### Rannveig Traustadóttir, Prófessor Emerita

Forstöðumaður/ Director

Rannsóknasetur í fötlunarfræðum/ Centre for Disability Studies

Félagsvísindasvið/ School of Social Sciences

Háskóli Íslands / University of Iceland



---

<sup>1</sup> Tilvitnun í íslenskt ágríp M.Phil ritgerðar Hrafnhildar S.Gunnarsdóttur í fötlunarfræði (2021).

*Prevalence of violence for disabled women of different social locations An intersectional approach.* Háskóla Íslands.